

6. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

31. maí 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF. Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) og Guðbjört Angela Mánadóttir tóku þátt í gegnum Skype.

Fundur settur 18:20

Dagskrá:

1. **Fundargerð 5. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. **Eftirfylgnirannsókn:** Niðurstöðurnar sýna að þátttaka í skuggakosningum jók líkurnar á þátttöku í alþingiskosningum. Einnig voru þeir sem voru meðvitaðir um skuggakosningarnar í sínum skóla líklegri til að kjósa.
 - b. **„Train the trainers“:** Vakin var athygli á tækifæri til að sækja um mannréttindapjálfunarnámskeið á vegum Evrópuráðsins.
 - c. **Ungt fólk til Áhrifa:** Vinnustofa var sótt með fulltrúum verkefnisins, Reykjavíkurborg og rannsakendum frá Háskóla Íslands.
 - d. [Umsögn](#) um lækkun kosningaaldurs hefur verið birt á vef Alþingis.
 - e. **Aðildarumsókn:** LUF barst umsókn um aðild frá Kóder - samtökum sem stuðla að menntun barna og ungmenna í forritun. TI var falið að fara yfir umsóknina og skila skýrslu til stjórnar á næsta fund sem og að uppfæra umsóknarferlið.
 - f. **Lýðræðisráðstefna:** TI lagði fram skýrslu til stjórnar um þátttöku LUF á alþjóðlegri ráðstefnu Norræna félagsins.
3. **Leiðtogaskólinn:** Dagsetningar skólans m.v. umsókn til Evrópuráðsins: 2. - 3. september og 28. - 29. október. Innihald skoðanakönnunar var samþykkt og TI var falið að senda hana út á aðildarfélögin eftir fundinn.
4. **Áskorun til RSK var samþykkt.** TI var falið að bjóða Mannréttindaskrifstofu Íslands og UNICEF að vera meðáskorendur.

SHB vikur af fundi og SS tekur við fundarstjórn.

5. **Alþjóðamál:**
 - a. **Alþjóðanefnd:** LMJ sendir bréf í kvöld.
 - b. GAM sagði frá „NEETs“ fundinum í Svíþjóð og leggur fram skýrslu til stjórnar.
 - c. TI og UH sögðu frá „Det Nye Norden“ í Finnlandi og lögðu fram skýrslu til stjórnar.
 - d. MÖÓ og LMJ fara á ráðstefnuna „Learning to live together: A shared commitment to democracy“ í Frakklandi 19.-23. Júní.
6. **Heimasíða** opnar 7. júní og TI var falið að hafa samband við hönnuði vegna nýs merkis.
7. **Næsti fundur:** 14. júní og TI falið að kanna hvenær stjórn er laus í myndatöku.
8. **Önnur mál:** TI falið að setja upp yfirlit yfir starfsárið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:42

UH og TI rituðu fundargerð.